

# 70. stjórnarfundur Bergrisans bs.

26.02.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjola Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð. Úr Þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Aðgerðaráætlun um búsetu fatlaðs fólks

Lagt fram til kynningar drög verkefnastjóra Bergrisans bs. að aðgerðaráætlun um búsetu fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Stjórn felur verkefnastjóra að vinna málið áfram.

### 2. Virkjun NPA samnings

Svava Davíðsdóttir leggur fram erindi fyrir stjórn Bergrisans þar sem óskað er eftir því að virkja NPA samning. Stjórn Fagteymisins og Bergrisans bs. höfðu áður samþykkt samninginn á stjórnarfundum 2020 með fyrirvara um að NPA samninginn yrði samþykktur með þátttöku ríkisins á samningnum. Samningurinn var samþykktur hjá Félags- og vinnumálaráðuneytinu vorið 2023. Ekki var talin þörf á að virkja NPA samninginn strax vegna veikinda 101179. Í dag eru aðstæður aðrar hjá 101179 og er mikilvægt samningurinn verði virkjaður sem fyrst. Þjónusturáð leggur til að stjórn staðfesti virkjun samningsins afturvirk frá og með 1. janúar 2024. Áætlaður kostnaður Bergrisans við samninginn er 5.155.200.- kr. á ári.

Stjórn samþykkir tillögu Þjónusturáðs.

### 3. Útfærsla vegna stjórnskipulagsbreyting- Stöðugildi í Álftarima og Vallholti 27

Sigprúður Birta Jónsdóttir leggur fram erindi fyrir stjórn Bergrisans þar sem lögð er fram tillaga að breytingum og ósk um aukningu stöðugildis í skammtímadvölinni Álftarima um 0,5. Í þjónustumiðstöð Álftarimans eru í heild 12 stöðugildi, þarf af 7.1 stöðugildi sem snýr að skammtímadvöl. Því er óskað eftir að stöðugildi í skammtímadvöl verði 7.6 frá og með 15.03.2024 til 15.03.2025.

Stjórn samþykkir tillögu Þjónusturáðs.

#### 4. Gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna og notendasamninga

Stjórn Bergrisans staðfestir samhljóða eftirfarandi gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna og notendasamninga. Upphæðir sem stuðst er við vegna gerð stuðningsfjölskyldusamninga og notendasamninga fyrir árið 2024 eru eftirfarandi:

Stuðningsfjölskyldur	Sólarhringur	
	2023	2024
<b>Umönnunarflokkur skv. TR</b>		
1. flokkur	36.575 kr.	47.331 kr.
2. flokkur	31.350 kr.	36.627 kr.
3. flokkur	26.125 kr.	31.019 kr.

	Einingarverð	
	2023	2024
Beingreiðslusamningar	5.709 kr.	6.086 kr.
Stuðnings- og stoðþjónusta	5.709 kr.	6.086 kr.

NPA samningar	Einingarverð
	2024
Sólarhringssamningur	7.822 kr.
Sólarhringssamningur m/hvíldarvöktum	6.982 kr.
Samningur án næturvakta	7.160 kr.

#### 5. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður Þjónusturáðs kynnr fundargerð Þjónusturáðs númer 178.

#### 6. Beiðni um aukið stöðugildi- Viss Flúðum

Anný Ingimarsdóttir leggur fram erindi fyrir stjórn Bergrisans þar sem óskað er eftir aukningu stöðugildis hjá VISS á Flúðum um 0,53. Í dag eru leiðbeinendur á VISS tveir í 1.25 %, deildastjóri í 75% og stuðningfulltrúi í 53%. Það er því lítil tími fyrir deildarstjórnann að vinna að faglegri vinnu. Þar af leiðandi er óskað eftir að fá að ráða inn þriðja leiðbeinandann í 53% starf út frá faglegri vinnu og öryggisþáttum starfsmanna og leiðbeinenda. Við ráðningu nýs starfsmanns er áætlað að fjölga opnunardögum VISS á Flúðum í 5 daga. Áætlaður kostnaður eru kr. 4.964.006.- kr. á ári.

Stjórn samþykkir tillögu Þjónusturáðs og að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun.

#### 7. Tillaga um endurgreiðslur til aðildarsveitarfélaga Bergrisans vegna viðbótargreiðslna árið 2023

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir kynnr tillögu um endurgreiðslur til aðildarsveitarfélaga Bergrisans vegna viðbótargreiðslna árið 2023.

Stjórn samþykkir að endurgreiða áður áætlaða fjárförf vegna Bergrisans fyrir árið 2023 til allra aðildarsveitarfélaga.

## 8. Starfsmannamál

Farið var yfir ráðningarsamning nýs skrifstofustjóra og næstu skref. Skrifstofustjóri mun hefja störf hjá Bergrisanum þann 1. mars næstkomandi. Til að byrja með munu starfsmenn hafa áfram aðstöðu í Ráðhúsi Árborgar en síðan munu allir starfsmenn Bergrisans færast yfir í Bankann vinnustofu. Við ráðningu skrifstofustjóra verða þrír starfsmenn á launaskrá hjá Bergrisanum bs.

Fundi slitið klukkan 14:10